

**Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík**

Sent með tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

*Reykjavík, 29. apríl 2021*

### **Umsögn Landverndar um:**

**frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), 709. mál,**

**og**

**tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál.**

### **Almennt**

Stjórn Landverndar fagnar framkomnum tillögum. Samtökin hafa undafarin ár beitt sér fyrir því að samfélagið komi sér saman um leikreglur við umfjöllun um áformuð vindorkuver. Það er bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að taka af allan vafa um það óvissu ástand sem Orkustofnun undanfarin ár hefur með óheppilegum hætti stuðlaða að. Með því að beita áþekku vinnulagi við mat á vindorkuáformum og gert er vegna jarðvarma- og vatnsaflsvirkjana, er byggt að reynslu sem á margan hátt hefur verið farsæl og lærdómsrík. Með skýrum leikreglum og vinnubrögðum má koma í veg fyrir umhverfisslys vegna ófullnægjandi undirbúnings, sóun fjármuna og óheppilegs staðarvals fyrir vindorkuver.

Vegna mismundi túlkunar stjórnsýslustofnanna og sveitarstjórna á gildandi lögum er hafin vinna við bæði skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum vegna áforma um nokkur vindorkuver. Það er algjörlega ótímabært, bæði vegna þess að sú leið er bæði kostnaðarsöm og ekki líkleg til að skila ásættanlegri niðurstöðu, og vegna þess að næg orka er til í landinu til að mæta öllum þörfum samfélagsins. Með áformuðum lagabreytingum verður tekin af allur vafi um hvað gildi og þá má ætla að stjórnsýslustofnanir verði samstíga í vinnubrögðum. Með því yrði öll umfjöllun í fastari skorðum og óvissu eytt.

## **1. Breyting á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun**

### **Stærðarmörk**

Stjórn Landverndar telur að mörkin um 10 MW virkjun sem koma fram í 2. gr. frumvarpsins vera varhugaverð. Til að framleiða 10 MW með einni vindmyllu þarf verulega stórt mannvirki, minnst 200 m að hæð með tilheyrandi jarðraski. Slíkt mannvirki gæti haft afar mikil áhrif á umhverfið, sérstaklega fuglalíf og útsýni. Því er lagt til að viðmiðin verði tiltölulegar smáar einstakar vindmyllur til heimilisnota og minni háttar framkvæmdir, að hámarki 3 MW að afli.

### Flokkun svæða

Stjórn Landverndar styður ákvæði í lagatillögum (10 gr.) og nánari útlistun í tillögu að þingsályktun, um flokka á landssvæðin í þrjá megin flokka:

- Flokkur 1 um landsvæði þar sem öll nýting vindorku skv. lögnum yrði óheimil.
- Flokkur 2 um landsvæði sem geta í eðli sínu almennt talist viðkvæm svæði með tilliti til hagnýtingar vindorku, en þar sem slík uppbygging getur þó komið til álita eftir mat innan rammaáætlunar.
- Flokki 3 um landssvæði þar sem staðreynt er af verkefnisstjórn að falli hvorki undir flokk 1 né flokk 2 sæti því ekki takmörkunum rammaáætlunar.

Flokkun af þessu tagi hefur reynst vel í Skotlandi ef marka má athugasemdir við frumvarpið og má sjá fyrir sér að þetta leiði til skilvirkni og skýrleika í vinnu hér á landi. Þessi svæðaskipan væri afar gagnlegt í upphafi að tilgreina á korti við lagasetninguna sjálfa svo ekki verði það neinum vafa undirorpið hvað átt er við. Ef kemur til frekari verndunar á svæðum þarf að uppfæra kortið og veita ráðherra heimild til þess.

### Þörf fyrir leiðbeiningar

Stjórn Landvernd telur vegna séreðlis vindorkunnar gæti verið gagnlegt að hafa sérstakar leiðbeiningar um úrvinnslu, meðhöndlun og málsmæðferð virkjunarkosta í flokki 2 og 3 í sjálfum lögnum. Í þessu sambandi er vakin athygli á riti samtakanna frá 2018 [VirkJun vindorku á Íslandi, stefnumótunar- og leiðbeiningarit Landverndar](#). Ritið er hugsað sem aðstoð við mat á vindorkuverum. Leiðbeiningar af þessu tagi eru gangleg viðbót við ákvæði í 4. gr. um málsmæðferð verkefnisstjórnar.

## 2. Þingsályktunartillaga um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands

Lögformleg staða ákvæða í þingsályktun er óljósari en lagaákvæði. Stjórn Landverndar telur því að það myndi draga úr réttaraóvissu að festa megin reglur um svæðaskiptinu við staðsetningu vindorkuvera, sem nú eru í þingsályktunartillögu, í sjálf lögum (4. gr. í frumvarpinu)).

Stjórn gerir þrjár megin efnislega athugasemdir við framkoma þingsályktunartillög um um staðsetningu vindorkuvera.

Samkvæmt lið 1.5. í tillögum segir að „óbyggð víðerni innan marka miðhálandislínu Íslands“ falli í flokk 1. Þessi takmörkun við miðhálandislínu er hvorki skynsamleg né í samræmi við náttúruverndarlög. Í náttúruverndarlögum njóta víðerni almennt verndar og ekki er gerður greinarmun á óbyggðum víðernum eftir því hvort þau liggja innan eða utan s.k. miðhálandislínu. Stjórnin telur að til að gæta samræmi beri að láta öll óbyggð víðerni landsins falla í flokk 1, eða þar til þau verði kortlögð skv. grein 73 a og ákvæði til bráðabirgða í náttúruverndarlögum, sem Alþingi lögfesti í febrúar 2021. Frumforsenda flokkunar víðerna er kortlagning. Verndargildi óbyggðra víðerna miðast ekki við miðhálandislínu enda

eru það stjórnsýsluleg mörk en ekki verndarmörk. Engin fagleg sjónarmið og ekkert mat á verndargildi liggur að baki flokkun þeirri sem gert er ráð fyrir í tillögunni, að víðerni utan hálendisins falli í flokk 2.

Í tillögunni segir að undir flokk friðlýstra svæða falli ekki þau svæði sem friðlýst eru á grundvelli verndarflokks verndar- og orkunýtingaráætlunar um vatnsafl eða jarðvarma, sbr. friðlýsingarflokk 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Þessi svæði hafa verið skilgreind sem sérlega verðmæt óspillt eftir viðamikla úttekt og samráð, og að lokum með samþykkt þingsályktunartillögu þar um. Stjórn Landverndar fær því ekki séð að nokkur rök sé hægt að færa fyrir því að þau séu ekki felld undir flokka 1 og hvetur Alþingi til að breyta þessu ákvæði.

Þá telur stjórn Landverndar að svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga eigi að heyra til flokks 1. Um er að ræða vistgerðir og jarðminjar sem Alþingi telur sérlega verðmæt og njóta þau þess vegna verndar laga. Þetta eru til dæmis votlendissvæði, sérstæðir birkiskógar, eldvörp, eldhraun, hraungígar, fossar og nánasta umhverfi þeirra og hverir og aðrar heitar uppsprettur. Full ástæða er til þess að taka sérstaklega fram í þingsályktunartillögunni að á þessum svæðum sé óheimilt að reisa vindorkuver.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri